4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1958.

54
29. ágúst

Gjört að Bessastöðum, 29. ágúst 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

55
10. júlí

um samkomulag milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands um vegabréf og áritanir á þau.

Með erindaskiptum, dags. 29. maí og 14. september 1956, milli sendráðs Sambandslýðveldisins Þýzkalands og utanríkisráðuneytisins, var gert samkomulag um að falla frá kröfu um vegabréf fyrir flugmenn og starfsmenn flugfélaga, sem hafa hér örstutta viðdvöl.

Þá var með erindaskiptum, dags. 21. júní og 14. september 1956, gert samkomulag um afnám vegabréfsáritana milli landanna, enda sé ekki um dvöl í atvinnuskyni að ræða er fari fram úr 3 mánuðum. Þurfi áritun á vegabréf skal hún veitt ókeypis.

Enn fremur var með erindaskiptum, dags. 31. marz og 9. apríl 1958, gert samkomulag um að afnám vegabréfsáritana skuli einnig taka til Berlínar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. júlí 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

56
21. júlí

um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 30. júní 1958 var undirritað í Stokkhólmi samkomulag um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar á tímabilinu 1. apríl 1958 til 31. marz 1959. Viðskiptasamkomulagið er óbreytt frá fyrra ári (Stj.tíð. A. 70/1957).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 21. júlí 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.